

Alþingi  
Erindi nr. P/137/724  
komudagur 18.8.2009



Til nefndasviðs Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 18. ágúst 2009

### Athugasemd við 3. gr. um tilgreiningu löggiltra heilbrigðisstétta

Í greininni eru tilgreindar 32 löggildar heilbrigðisstéttir. Heilsunuddarar eru ekki þeirra á meðal og vil ég gera athugasemd við það.

Frá árinu 1992 hefur námsbraut fyrir heilsunuddara verið starfrækt við Fjölbautaskólinn við Ármúla. Námsbrautin er viðurkennd starfsmenntabraut á heilbrigðissviði samkvæmt námskrá menntamálaráðuneytisins (<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar//nr/3980>). Námsheilsunuddara er 121 eining sem er fyllilega sambærilegt við t.d. nám sjúkráliða.

Í nýrri og ítarlegri námskrá fyrir heilsunuddara sem nú bíður afgreiðslu menntamálaráðuneytisins segir um lokamarkmið heilsunuddbrautar:

Að loknu námi geti nemandi

- lagt mat á heilbrigðisástand fólks sem til hans leitar og nýtt sér það við meðhöndlun
- upplýst skjólstæðinga um áhættuþætti varðandi heilbrigði og veitt fyrirbyggjandi ráðgjöf
- beitt fjölbreyttri nuddtækni sem miðar að því að lina þrautir, veita slökun og efla heilbrigði
- brugðist við ólíku umkvörtunarefni varðandi verki og spennu í vöðvum og meðhöndlað á viðeigandi hátt
- beitt þekkingu sinni af öryggi og næmni
- skráð meðferðarskýrslur samkvæmt viðurkenndum staðli
- gert grein fyrir starfskenningu sinni
- tekið ábyrgð á eigin heilsu og vellíðan
- kunnað skil á faglegum og siðferðilegum mörkum sem felast í starfinu.
- sett á stofn og rekið nuddstofu sjálfstætt

Út frá ofangreindum markmiðum tel ég ljóst að heilsunuddarar hafi allar forsendur til að verða skilgreindir sem heilbrigðisstétt.

Löggilding myndi einnig aðgreina menntaða heilsunuddara frá öðrum sjálfmenntuðum eða minna menntuðum nuddurum, sem nú geta notað starfsheitið heilsunuddari án þess að við því sé hægt að amast.

Ég fer því hér með fram á að heilsunuddarar verði löggilt heilbrigðisstétt.

Með vinsemd og virðingu

Guðrún Narfadóttir kennslustjóri námsbrautar fyrir heilsunuddara